Landssamband
sumarhúsaeigenda
Einholt 2 - 105 Reykjavík

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. hr. formaður Ólafur Örn Haraldsson
Þórshamar v/Templarasund

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 844
komudagur 30 / 1 1997

Varðar: Athugasemdir vegna frumvarps til skipulags-og byggingarlaga.

12. gr. Gert er ráð fyrir því að íbúum sveitarfélagsins sé kynnt tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum áður en hún er tekin til formlegra afgreiðslu í sveitarstjórn. - Landssamband sumarhúsaeigenda (LS) telur rétt að tillit sé tekið til sumarhúsaeigenda í viðkomandi sveitarfélagi og að tryggt sé að sumarhúsaeigendum sé jafnframt kynntar tillögur o.sv.frv. og að þeirra sé jafnframt getið í þessari lagagrein með orðunum *"og öðrum sem hagsmunum eiga að gæta"* í samræmi við 27. gr frumvarpsins.

14. gr. Lengja þarf frestinn sem fram kemur í þessari grein. Á stórum svæðum þar sem hagsmunir eru miklir þurfa aðilar lengri tíma til að gera athugasemdir ef þurfa þykir.

17. gr. Hugtakið "óveruleg breyting" er ónákvæm. Hver metur það tjón sem viðkomandi verður fyrir?

24. gr. Ef fallið er frá auglýsingu, hvernig er þá tryggt að hagsmunaðilum sé gefinn kostur að tjá sig um "óverulegar breytingar."

31. gr. Það er ekki nóg að gefa öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn. Það er mikið hagsmunamál sumarhúsaeigenda líkt og annara íbúa sveitarfélaga að götur og vegir séu betur ***merktir*** af öryggisástæðum. Á sama tíma væri rétt að árétta það sveitarfélög standi straum að kostnaði samfara slíkum framkvæmdum.

Kristján Einarsson, slökkviliðstjóri á Selfossi hefur unnið mikið og gott starf í þessu tilliti og niðurstaða hans er sú heildarlausn fyrir allt landið er þörf.

33.gr. Að mati LS hefur forkaupsréttur sveitarfélaga hingað til verið alltof rúmur og þessur réttur gróflega misnotaður. Forkaupsrétturinn á að vera í undantekningartilfellum og þá ákveðinn sérstaklega með úrskurði.

35.gr. Í 4. mgr. skulu skipulagsaðgerðir hafa ívilnandi áhrif á bætur ef það leiðir til verðhækkana. Undirstrika þarf þá jafnframt að skipulagsaðgerðir munu ekki hafa íþyngjandi áhrif á bætur ef skipulagsaðgerðir leiði til verðlækkana, tryggja verður bótaþega að lágmarki þær bætur sem sanngjarnar voru fyrir aðgerðirnar.

37.gr. Misskilningur er til staðar vegna skipulagsgjaldssins. Mjög víða er búið að skipuleggja heilu svæðin undir sumarhúsabyggðir. Í því sambandi hafa oft félagasamtök eða aðrir aðilar staðið straum af öllum kostnaði þessu samfara og hafa litið svo á að þar með er búið að greiða skipulagsgjald. Þegar innheimt er skipulagsgjald jafnvel mörgum árum seinna á vegum ríkisins mætir þetta oft miklum misskilning hjá sumarhúsaeigendum. Spurningar vakna.

- Er rétt að láta ofangreinda aðila greiða þetta gjald?
- Eiga ofangreindir aðilar rétt á niðurfellingu þessa gjalds að öllu leyti eða að hluta?
- Er hægt að skilgreina þetta gjald betur?
- Er spurning að gefa þessu gjaldi einhvað annað heiti til aðgreiningar frá eiginlegum gjöldum sem sumarhúsaeigendur hafa greitt áður vegna skipulags?

50.gr. Rétt er að láta hönnuði bera sams konar ábyrgð og fram kemur í 54 gr. þ.e. að fullnægjandi ábyrgðartrygging sé í gildi í 5 ár frá verklokum.

Ennfremur bendir stjórn LS á þá staðreynd að huga þarf betur að málefnum er varðar náttúruvernd og í því sambandi þurfa yfirvöld að leggja meiri áherslu á náttúruverndarsjónarmið sem ættu að vera veigameiri þáttur skipurlagsyfirvalda í mati á umsóknum um byggingar mannvirkja.

Reynslan hefur sýnt okkur að ótæpilega hefur á árum áður verið gengið á náttúruauðlindir og þær eyðilagðar. Þannig hefur undanfarna áratugi nær öllum eldgígum sem liggja nærri byggð á Suðvesturlandi verið eytt eða þeir stórskemmdir af miklu fyrirhyggjuleysi, skemmst er að minnast Seyðishóla og fyrirhugaðra framkvæmda þar innan um þéttbýlustu sumarhúsabyggð landsins í alfaraleið ferðamanna.

Reykjavík 21. 01, 1997

Virðingarfyllst.

Sveinn Guðmundsson, lögfr. LS